



**Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið**

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Þórshöfn, 21. ágúst 2020

Hr. ráðherra.

Ég vil fyrir hönd Langanesbyggðar og atvinnulífs hér á svæðinu hvetja þig til að tryggja strandveiðibátum 48 daga veiðheimild í fjóra mánuði á ári. Nóg er af fiski á miðunum umhverfis Langanes um þessar mundir. Því er nú verið að loka fyrir veiðar á besta tíma, þegar verðmætasti fiskurinn er á slóðinni.

Stöðvun veiða nú um miðjan ágúst kemur sér illa, sérstaklega á tímum tekjuskerðingar vegna Covid viðbragða. Auknar heimildir hefðu því komið sér vel fyrir íbúa og byggðarlagið í heild, þegar við öll verðum að einhverju leyti fyrir tekjutapi eins og kunnugt er.

Eins og þér er kunnugt skipta strandveiðar öllu máli fyrir fámennari byggðarlög á landsbyggðinni og ekki síst á stöðum eins og á Bakkafirði, sem skilgreindur hefur verið sem „Brothætt byggð“ að hálfu ríkisins.

Með vonum um jákvæð og skjót viðbrögð.

  
f.h. Langanesbyggðar  
Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar  
Jónas Egilsson,  
sveitarstjóri.